

Sumar

(Nú brosir vorsólin blíð og góð)

Guðmundur Guðmundsson

Ísólfur Pálsson, 1908

Allegretto

Nú bros - ir vor-sól - in blíð og góð og býð - ur mér góð - an dag - inn, og

rit - ar gull-stöf-um ljúf - lings - ljóð á lygn - an og bjart - an sæ - inn. Við

haf - gú - u - söng og hörp - u - óm ég hlusta' á þann snilld - ar - brag - inn; að

sunn - an fer vor - ið með söng og hljóm og suð - ræn - a, hlýj - a blæ - inn.

SUMAR

*) Vikið frá taktboða í handriti:
6/8 í stað 3/4

Nú brosir vorsólin blíð og góð
og býður mér góðan daginn,
og ritar gullstöfum ljúflingsljóð
á lygnan og bjartan sæinn.
Við hafgúu söng og hörpu óm
ég hlusta' á þann snilldarbraginn;
að sunnan fer vorið með söng og hljóm
og suðræna, hlýja blæinn.